



Fréttabréf Fljótsdalshrepps

Íbúar Fljótsdalshrepps

Píanó í Végarði

Píanó sem er í Végarði er illa farið. Rætt er um að fjarlægja það úr húsinu.

Ef einhverjir íbúar búa yfir upplýsingum um hljóðfærið s.s. á hvers vegum það kom í húsið og hvenær, vinsamlegast hafið sem fyrst samband við oddvita.

Gamlar gerðarbækur

Leitað er að gömlum gerðabókum Fljótsdælinga. Ef einhverjir hafa slíkar bækur í förum sínum, er bent á að koma þeim til varðveislu á Héraðasskjalasafnið

Garnaveikibólusetning 2017

Fljótsdalshreppur styrkir sauðfjárbændur vegna garnaveikibólusetningar 2017, sem nemur kostnaði við lyf.

Styrkur er greiddur út á grundvelli reikninga frá dýralæknum, þar sem fram kom upplýsingar um hve margar kindur voru bólu-settar. Oddviti veitir frekari upplýsingar og sér um að greiða styrkinn út.

[Þorralót í Fljótsdal 2018](#)

Þorra verður blótað í Végarði, laugardaginn 3. febrúar og hefst borðhald kl. 20.00. Húsið opnar kl. 19.30. Miðapantanir í s. 847 3529 eða s 893 1957

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Fljótsdalshreppur hefur sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning. Stuðningurinn er ætlaður þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði, eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Niðurgreiðsla daggæslu

Settar hafa verið reglur um niðurgreiðslu daggæslu barna, sem fá ekki inni á leikskólum

Hægt er að kynna sér reglur þessar á heimsíðunni undir Útgefið efni-samþykktir, eða hjá oddvita sem veitir nánari upplýsingar.

Efni:

Píanó í Végarði	1
Garnaveikibólusetning 2017	1
Gamlar gerðarbækur	1
Sorp	1
Fjárhagsáætlun 2018 og styrkir	1
Húsnæðisstuðningur	1
Niðurgreiðsla daggæslu	1

Sorp

Íbúar eru hvattir til að flokka heimilssorp sem sótt er heim á bæi, í samræmi við reglur og minnka þannig umfang urðunar á sorpi.

Sorpgámar sem staðsettir eru við vegamót, neðan við Végarð, verða þar áfram. Þar geta íbúar losaði sig við járn, timbur, rafgeyma (kar) og öflokkað sorp (lokaður gámur).

Brýnt er að umgengni á svæðinu sé góð, sorp sett í rétta gáma og ekkert sorp skilið eftir utan gáma.

Íbúar geta óskað eftir (hjá oddvita) að fá járn og timbur gáma, tímabundið heim á bæi, t.d. ef staðið er í framkvæmdum eða tiltekt á jörðum.

Fjárhagsáætlun 2018

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, á fundi 15 desember 2017

Gjaldskrár verða ekki hækkadar. Álagningarprósenta útsvars er 13,20%, A stofn fasteignaskatts 0,40%, B stofn 1,32% og C stofn 1,65%.

Engin lántaka er fyrirhuguð og gert ráð fyrir afgangi af rekstri. Áætlaðar eru fjárfestingar að upphæð kr. 45 millj.

Íbúum er bent að að kynna sér samþykktir og reglur s.s. varðandi styrki á heimasíðu Fljótsdalshrepps, eða á skrifstofu í Végarði.

Styrkir 2018

Námsmenn 16-25 ára geta sótt um námsstyrki og aðrir íbúar um menntunarstyrki.

Fristundastyrkir fyrir 6-18 ára

Umhverfis- og verkefnastyrkir verða veittir til lögbýla með heimilisfestu.

Styrkir til sauðfjárvóta-kaupa